

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði vestan Óseyrarbrautar í Þorlákshöfn.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 27. janúar 2022, breytingu á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði vestan Óseyrarbrautar í Þorlákshöfn. Breytingin markar tvær nýjar lóðir og lítillega stækkun á deiliskipulagssvæðinu vegna þeirra.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir landið Árbær 4 í Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 21. október 2021, breytingu á deiliskipulagi fyrir Árbæ 4 í Ölfusi. Markaðar eru lóðir um húsin á deiliskipulagssvæðinu, byggingarmagn er aukið þannig að hægt verði að reisa heilsárshús/íbúðarhús í stað frístundahúss. Sett er inn skjólmön og skipulagsmörk breytast lítillega.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag fyrir landið Árbær 3 í Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 16. desember 2021, deiliskipulag fyrir nýja íbúðarlóð í Árbæ 3 í Ölfusi.

Skipulagið heimilar að byggt verði allt að 360 fermetra parhús á lóðinni á einni til tveimur hæðum.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 9. febrúar 2021.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 23. febrúar 2022